

LOFTSLAGSBREYTINGAR – UMHVERFISMÁL

NÁNARI UPPLÝSINGAR MEÐ FRÉTTATILKYNNINGU

1. SAMRÁÐSPING UM LOFTSLAGSBREYTINGAR (GLOBAL ROUNDTABLE ON CLIMATE CHANGE)

Samráðsþingið er ný tegund samstarfs milli leiðandi fyrirtækja, stofnana og vísindamanna sem hefur að markmiði að takast á við loftslagsbreytingar og framtíð orkubúskapar jarðar. Þingið mun koma saman sex sinnum á þremur árum, frá 2005-2007, en milli þinga starfa vinnustofur vísindamanna og fulltrúa fyrirtækja. Fundurinn á Íslandi er sá þriðji í röðinni og hinn eini sem er haldinn utan Bandaríkjanna. Hinn heimsþekkti hagfræðingur Jeffrey Sachs hafði frumkvæði að stofnun Samráðsþingsins og tók forseti Íslands virkan þátt í undirbúningi þess og mótun og hefur lagt framtakinu lið með ýmsum hætti.

Tilgangurinn er að reyna á næstu misserum að ná samstöðu um hvaða leiðir séu vænlegar til þess að mæta orkubörf jarðarbúa á þann hátt að hvorki loftslagi né lífríki jarðar verði ógnað. Í störfum samráðsþingsins hafa tekið þátt tæplega 200 fulltrúar frá um 150 alþjóðlegum fyrirtækjum og fjölmörgum merkjum háskólum og rannsóknarstofnunum. Meðal þeirra fyrirtækja sem taka þátt í samráðsþinginu eru ýmis þekktustu fyrirtæki veraldar á sviði orkuframleiðslu, iðnaðar, fjármála, tækni og fleiri greina og koma fyrirtækin frá Bandaríkjunum, Evrópu, Indlandi, Kína og víðar að úr veröldinni.

Columbia háskóli í Bandaríkjunum annast vísindalega þjónustu við Samráðsþingið ásamt fjölmörgum vísindahópum og situr Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor við Háskóla Íslands í vinnuhópi um tæknilausnir framtíðar. Að frumkvæði forseta Íslands hafa fleiri íslenskir vísindamenn og fyrirtæki tekið þátt í starfi sem tengist samráðsþinginu, meðal annars með þróun metnaðarfullra verkefna í samstarfi við fremstu vísindamenn heims.

Nánari upplýsingar um Samráðsþing gegn loftslagsbreytingum fást á vefslóðinni www.earthinstitute.columbia.edu/grocc, hjá Mary Tobin upplýsingafultrúa Earth Institute (+1-212-203-5276, mtobin@ei.columbia.edu) eða Kristjáni Guy Burgess ráðgjafa í alþjóðamálum (699 0351, kgb@global-center.org.)

2. FYRIRLESTRARRÖÐIN NÝIR STRAUMAR

Forseti Íslands stofnaði fyrr á þessu ári til fyrirlestraraðarinnar *Nýir straumar* og er markmiðið að fá hingað til lands vísindamenn, fræðimenn og forystumenn í listum, menningu og alþjóðamálum.

Fyrsta fyrirlesturinn flutti dr. Wallace C. Broecker prófessor við Columbia háskóla í New York. Hann er einn fremsti vísindamaður heims í rannsóknum á umhverfis- og loftslagsbreytingum og bar fyrirlestur hans heitið „Glíman við loftslagsbreytingarnar” (Taming the angry beast of climate change). Broecker telur að brottnám koltvíoxíðs úr andrúmslofti og binding þess djúpt í jörðu sé ein mikilvægasta leiðin til að takast á við loftslagsbreytingar og stofnaði hann í ferð sinni til Íslands til samstarfs við færustu vísindamenn Íslands með það fyrir augum að grípa til raunhæfra aðgerða á því sviði.

Annar fyrirlesturinn flutti dr. Rattan Lal prófessor við Ohio State University í Bandaríkjunum um áhrif loftslagsbreytinga á landheilsu jarðarinnar vegna hnignunar vistkerfa og eyðingar jarðvegs og vaxandi erfiðleika við að tryggja mannkyni nægan mat. Hann telur að ein af hinum sameiginlegu lausnum vandans sé að binda kolefni í gróðri og jarðvegi, meðal annars með landgræðslu og skógrækt og bæta um leið frjósemi landsins og fæðuöryggi jarðarbúa. Í tengslum við heimsókn prófessor Lal skrifuðu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Landbúnaðarháskóli Íslands undir viljayfirlýsingu við Ohio State University um samstarf á þessum sviðum.

Þriðja fyrirlesturinn flytur síðan á miðvikudaginn kemur kl 13:15 í Öskju dr. Rajendra K. Pachauri sem er forseti Alþjóðlegs vísindaráðs um loftslagsbreytingar (Intergovernmental Panel on Climate Change (www.ipcc.ch)) sem sett var á laggirnar að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og ríkja heims. Vísindaráðið gefur reglulega út formlegar matsskýrslur um hve mikil hættu stafi af loftslagsbreytingum á næstu áratugum. Skýrslur IPCC hafa lagt grundvöll að mati heimsbyggðarinnar á þessari hættu. Um 3000 vísindamenn víða að úr veröldinni taka þátt í undirbúningi skýrslugerðarinnar og hefur dr. Pachauri stýrt því starfi. Hann er einnig frumkvöðull að *Dehli Sustainable Development Summit* sem árlega kemur saman á Indlandi með þátttöku áhrifafólks víða að úr veröldinni. Dr. Pachauri stýrir einnig víðtækri tækniþróun í þágu sjálfbærs þjóðarbúskapar.

Fyrirlestur hans ber heitið: *Sjálfbær veröld: Ný stefna og tæknilausnir* (Policy Imperatives and Technological Dimensions of a Sustainable World).

Nánari upplýsingar um fyrirlestraröðina Nýja strauma gefur Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028, oth@forseti.is)

3. UNGIR ALÞJÓÐLEGIR LEIÐTOGAR ÞINGA Á ÍSLANDI UM ORKUGJAFI FRAMTÍÐARINNAR

Á vettvangi heimsviðskiptaþingsins (World Economic Forum) í Davos í Sviss hefur verið stofnað til samtakanna Young Global Leaders (www.younggloballeaders.org) og skipa þau ungir forystumenn í viðskiptum, alþjóðamálum og vísindum sem þegar hafa vakið athygli fyrir framlag sitt. Þessi hópur hefur í samvinnu við forseta Íslands ákveðið að efna í haust til samráðsfundar á Íslandi þar sem fjallað verður sérstaklega um umhverfismál og orkugjafa framtíðarinnar með það fyrir augum að þróa raunhæfar lausnir á aðsteðjandi vandamálum.

Á fundinn á Íslandi er einnig boðið hópi athafnamanna sem beita sér í þágu mikilvægra þjóðfélagsverkefna (philanthropists). Forseti Íslands er gestgjafi fundarins en einn af hvatamönnum framtaksins er Björgólfur Thor Björgólfsson.

Markmiðið með fundinum á Íslandi er að kanna hvernig hægt er að sameina ólíka krafta til að ná árangri í glímuni við loftslagsbreytingar og stuðla að uppgötvunum sem skapað geta nýja orkugjafa í framtíðinni. Þá er einnig ætlunin að nýta samráðsfundinn til að leggja grundvöll að þróun verkefna í orku- og umhverfismálum.

Nánari upplýsingar um fundinn sem haldinn verður í haust gefa Kristján Guy Burgess ráðgjafi í alþjóðamálum (699 0351, kgb@global-center.org) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).

4. SAMVINNA HEIMSPEKKTRA HÁSKÓLA VIÐ ÍSLENSKA VÍSINDASAMFÉLAGIÐ

Forseti Íslands hefur með heimsóknnum til erlendra háskóla og fyrirlestrum við marga þeirra á undanförunum árum beitt sér fyrir því að koma á tengslum þeirra við íslenska vísindasamfélagið. Að undanförunu hefur megináhersla verið lögð á rannsóknir í umhverfismálum og á aðgerðir sem dregið geti úr hættunni á loftslagsbreytingum.

Nú í vikunni verður undirritað samkomulag milli Háskóla Íslands og Jarðarstofnunar (Earth Institute) við Columbia háskóla í New York um víðtæk samstarf stofnananna. Samkvæmt viljayfirlýsingunni verður sérstök áhersla lögð á rannsóknarsamstarf á sviði loftlagsbreytinga, nýtingu endurnýjanlegrar orku, sjálfbæra þróun og þróun tækni til mótvægis loftslagsbreytingum.

Samstarfið mun einnig ná til miðlunar náms- og kennsluefnis og stúdentaskipta. Það gefur vísindamönnum og stúdentum tækifæri til gagnkvæmra tímabundinna kennslu- og rannsóknadvala. Samkomulagið felur í sér að hægt verður að fjölga samvinnuverkefnum og þegar eru nokkur slík í mótun.

Í tilefni af *Samráðsþingi um loftslagsbreytingar* sem haldið er á Íslandi í vikunni stendur Háskóli Íslands fyrir rannsóknþingi um orku- og umhverfismál þar sem m.a. verður greint frá því hvernig íslensk þekking og reynsla getur orðið grundvöllur raunhæfra lausna. Þingið hefst miðvikudaginn 14. júní kl. 9:00 í Hátíðarsal Háskóla Íslands og er öllum frjáls aðgangur.

Meðan dr. Rattan Lal og fulltrúar Ohio State University dvöldu hér í boði forsetans í síðasta mánuði var undirritaður samningur milli Ohíoháskólans og Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Landbúnaðarháskóla Íslands um rannsóknir sem miða að því að kanna hvernig landgræðsla og skógrækt geta dregið úr hættunni á loftslagsbreytingunni í framtíðinni.

Nánari upplýsingar um samstarfssamningana gefa viðkomandi stofnanir og Ásta Hrönn Maack hjá Háskóla Íslands (525 4610, astamaac@hi.is).

5. RANNSÓKNAÞING NORÐURSINS

Rannsóknþing norðursins (Northern Research Forum) var stofnað árið 2000 á grundvelli tillagna sem forseti Íslands flutti í ræðu í háskólanum í Rovaniemi í Finnlandi. Markmið þess er að stuðla að samræðum og samstarfi vísindamanna, sérfræðinga, stjórnenda héraða og byggðarlaga og fulltrúa samtaka almennings á Norðurslóðum um lífvænlega framtíð í þessum heimshluta. Áhrif hlýnunar jarðarinnar sjást greinilega á Norðurslóðum eins og fram kom í ítarlegri skýrslu vísindamanna á vegum Norðurskautsráðsins árið 2004 þegar Íslendingar sátu í forsæti ráðsins. Þar eru einnig stærstu ónýttu orkulindir heimsins.

Rannsóknæping norðursins mætir þeirri brýnu þörf, að vísindamenn, sérfræðingar og stjórnendur byggðarlaga og héraða eigi sjálfstæðan vettvang þar sem rætt er um áhrif breytinga í loftslagi og þjóðháttum á líf í þessum heimshluta. Þátttakendur koma frá Norðurlöndum, Rússlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Fyrsta þingið var haldið á Akureyri og á Bessastöðum árið 2000 en síðan hefur þingið komið saman í Rússlandi og Kanada. Næsta þing verður haldið í Finnlandi og Svíþjóð í byrjun október næstkomandi.

Nánari upplýsingar um Rannsóknæping norðursins fæst á vefsíðunni www.nrf.is eða hjá Þórleifi Stefáni Björnssyni hjá Háskólanum á Akureyri (460 8008 eða 862 8844, tolti@unak.is)